

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSRÁÐ

Ár 2023, miðvikudaginn 18. janúar, kl. 09:05 var haldinn 254. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Alexandra Briem, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Birkir Ingibjartsson Hildur Björnsdóttir, Kjartan Magnússon, Pawel Bartoszek og áheyrnarfulltrúarnir Halldóra J. Hafsteinsdóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Líf Magneudóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Guðmundur Benedikt Friðriksson, Inga Rún Sigurðardóttir og Dagný Alma Jónasdóttir. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 12. janúar 2023 þar sem lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki þá aðferðarfærði við forgangsröðun borgargatna í Reykjavík sem lýst er í meðfylgjandi skjali. Tillöggunni fylgir greinargerð. Einnig er lögð fram kortlagning á stöðu borgargatna frá VSO ráðgjöf, ásamt greinargerð, dags. júní 2022, uppfært í desember 2022 ásamt yfirliti yfir borgargötur - stöðumat. Frestað. USK22100096

Hlynur T. Torfason hjá VSÓ Rággjöf ásamt Bjarni Rúnar Ingvarsson, deildarstjóra og Rebekku Guðmundsdóttur, verkefnastjóra taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Af gögnum má sjá að óhemju vinna er eftir ef bæta á götur í borginni. Ástandið er svona slæmt vegna áralangra og jafnvel áratuga viðhaldsleysis. Vissulega verður að forgangsráða eftir ástandi gatna en það er erfitt því tugi gatna eru í forgangi 1 ef horft er út frá umferðaröryggi. Kostnaður við endurbætur og að gera sumar götur að borgargötum mun hlaupa á milljörðum. Taka má dæmi um Norðan Laugarásvegur eins og lýst er í gögnum. Þar er gangstéttar beggja megin orðnar slitnar, sprungur, bætur og frekar mjóar (<2,5m). Þar eru samsíða bílastæði austan megin. Málaðir hjólavísar í götu. Akreinar í góðu ástandi en heldur of breiðar > 3,5m. Við Sunnutorg og gatnamót Laugarásvegur eru miðeyjar við gönguþverun (ekki merktar gangbrautir). Sunnan Laugarásvegur breikkar gatan, akreinar 4-5 m hvor auk samsíða bílastæða beggja megin götu (um 14 m milli gangstéttabrúna). Gangstéttar almennt 3 m en víða orðnar lélegar. Þetta eru dæmigerðar lýsingar um fjölmargar aðrar götur. Á þessari götu er stór slyshætta. Flokkur fólksins hefur ítrekað bent á að öryggisþáttum er víða ábótavant í borginni þar á meðal í Laugardal og Úlfarsárdal. Urbætur ganga allt of hægt, sá hluti borgarkerfisins sem annast þessi mál virkar bæði svifaseint og óskilvirkt.

2. Lögð fram til samþykktar umsögn umhverfis- og skipulagssviðs um loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins, dagsett september 2022. Samþykkt. USK22010115

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Hvernig er hægt að leggja að jöfnu blágrænar lausnir- gróður á þökum, götutré og skógrækt. Skógrækt er mörgum sinnum ódýrari aðgerð en blágrænar lausnir. Blágræna lausnir munu ekki virka nema með mikilli umhirðu og kostnaðarsömu upphafi svo sem dýrari þökum, bæði vegna aukins þunga og lekahættu. Ekki er hægt að rækta á þökum nema að þeim sé haldið blautum. En tillögum um aukna skógrækt hefur verið hafnað af meirihlutanum. Flokkur fólksins telur að bíða eigi með að samþykkja þessa stefnu enda þarf að skoða ýmislegt nánar sbr. það sem fram kemur að hefja þarf fyrst vinnu við endurskoðun stefnu höfuðborgarsvæðisins

og viðbótaraðgerða og meta þarf hvernig hægt væri að samþætta loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins og markmið um kolefnishlutleysi við endurskoðun á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. T.d. með því að jafnvægi myndist milli íbúafjölda og atvinnutækifæra í einstökum hverfum. Hafa þarf í huga að þekktar mótvægisáðferðir blasa við, einkum aukin ræktun og rafvæðing samgangna.

3. Lagðar fram fundargerðir embættisafgreiðslufunda skipulagsfulltrúa frá 8. og 15. desember 2022 og 5. janúar 2023. USK23010150
4. Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn ASK Arkitekta ehf. dags. 10. maí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 2 við Köllunarklettsveg. Í breytingunni felst stækkun á lóð til vesturs, stækkun á byggingarreit vegna viðbygginga og hækkun á nýtingarhlutfalli lóðar, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 11. júlí 2022, br. 19. desember 2022. Bílastæði á lóð verða í samræmi við Bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar. Einnig er lagt fram samþykki Faxaflóahafna dags. 29. apríl 2022. Tillagan var grenndarkynnt frá 11. október 2022 til og með 8. nóvember 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir/ábendingar: Sturla Geirsson f.h. Kró Design dags. 17. október 2022, Helgi Lárusson f.h. Endurvinnslunnar hf. dags. 18. október 2022, Veitur ohf dags. 26. október 2022 og Pétur Jónsson hjá Eflu f.h. Sindraport hf. dags. 7. nóvember 2022. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 12. janúar 2023. Lagt er til að tillagan verði samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa.
Samþykkt með vísan til a. liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Sólveig Sigurðardóttir, verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið. SN220279

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi sósíalista gerir athugasemd við svör skipulagsfulltrúa til Endurvinnslunnar varðandi vöntun á bílastæðum. Það leysir ekki vandann ef starfsfólk hjólar til vinnu. Það er ekki starfsfólk sem kemur með dósir til endurvinnslu og á meðan fólk með dósa- og flöskupoka getur ekki treyst á að vera hleypt um borð í strætisvagnana né heldur nein strætóstoppistöð við móttöku endurvinnslunnar, þá eru ekki margir aðrir ferðamátar eftir nema einkabílar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Athugasemdir eru einkum þær að skertir verði möguleikar á að leggja bílum. Það kemur Flokki fólksins ekki á óvart enda er það stefna borgarinnar að fækka bílastæðum. Meirihluti athugasemda yfir höfuð hvort sem er frá íbúum eða fyrirtækjum snúa að skerðingu bílastæða og er orðið verulega erfitt fyrir fólk að komast leiðar sinnar á einkabíl og ekki er bitastæðum almennings samgöngum heldur fyrir að fara. Eðli málsins samkvæmt þá fjölga bílum á sama tíma. Að komast um borgina án stórkostlegra vandkvæða og að finna bílastæði er orðinn mikill höfuðverkur enda þótt þetta sé eitthvað misjafnt eftir hverfum.

5. Lagðar fram fundargerðir afgangslufunda byggingarfulltrúa frá 13. desember 2022 og 10. janúar 2023. USK22120096
6. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 5. janúar 2022, vegna staðfestingu borgarráðs á synjun umhverfis- og skipulagsráðs frá 14. desember 2022 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.4 vegna lóðanna nr. 12B og 16 við Laugaveg. SN220565
7. Lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um að íbúðir standi ekki auðar, sbr. 26. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 30. nóvember 2022. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu stjórnsýslu og gæða, dags. 9. janúar 2023. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu stjórnsýslu og gæða, dags. 9. janúar 2023. Tillagan er felld með sex atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Sjálfstæðisflokksins.

Fulltrúi Vinstri grænna situr hjá við afgreiðslu málsins.. USK22120005

8. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðstöðu strætisvagnafarþega við flugstöðina á Reykjavíkurlugvelli, sbr. 19. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 12. október 2022.

Samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins að vísa tillögunni til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar í vinnu um umferðaröryggisáætlun.

Fulltrúi Vinstri grænna situr hjá við afgreiðslu málsins. USK22100050

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það eru vonbrigði að fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar skuli ekki samþykka fyrirbyggjandi tillögu um að bæta aðstöðu strætisvagnafarþega við flugstöðina á Reykjavíkurlugvelli heldur vísa henni til ótímabundinnar skoðunar í borgarkerfinu. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða atkvæði gegn slíkri afgreiðslu. Allir sjá að aðstæður gangandi vegfarenda við flugstöðina er óviðunandi. Því hefði verið æskilegt að samþykka tillöguna og ráðast í viðeigandi úrbætur ekki síðar en sumarið 2023.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í þessari tillögu er lagt til „að aðstaða strætisvagnafarþega verði bætt við flugstöðina á Reykjavíkurlugvelli en sú aðstaða er nú óviðunandi.“ Flokkur fólksins styður þessa tillögu í ljósi þess að margir sem nota flugstöðina eru erlendir ferðamenn. Það yrði til bóta að hafa vel merkta gangbraut frá farþegaafgreiðslu flugstöðvarinnar að strætisvagnabiðstöðinni, sem er í um 150 metra fjarlægð. Fyrir liggur að flugvöllurinn er ekki á förum næstu árin og með þessu er verið að gæta hagsmuna ferðamanna sem og annarra sem nota þurfa flugsamgöngur frá flugstöðinni á Reykjavíkurlugvelli.

9. Lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um að öryrkjum sé heimilt að kaupa afsláttarkort á farmiðasölustöðum í borginni, sbr. 30. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 11. janúar 2023. Tillögunni fylgir greinargerð.

Vísað til meðferðar Strætó bs. USK23010116

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í þessari tillögu er lagt er til „að öryrkjar megi kaupa afsláttarkort á þeim farmiðasölustöðum sem aðrir farþegar geta og mega kaupa á.“ Þessi tillaga er svo sjálfsagt mál að hún hlýtur að vera samþykkt á staðnum. Undrun sætir að þetta sé ekki nú þegar hægt og það fyrir löngu. Eins og staðan er núna mega öryrkjar einungis kaupa afsláttarkort sín í gegnum Klapp „appið“ eða með því að fara í móttöku Strætó á Hesthálsi 14. Það er ekki boðleg framkoma við öryrkja að einungis einn sölustaður sé í boði til þess að kaupa slík kort. Þeir ættu að geta keypt afsláttarkortin sín á sömu sölustöðum og aðrir farþegar. Ekki allir eiga kost á eða hafa þekkingu á snjallsímanotkun, og því nauðsynlegt að gott aðgengi sé að miðakaupum með öðrum leiðum eins og segir í greinargerð með tillögunni. Þetta er með öllu óásættanlegt að mati Flokks fólksins

10. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um skilgreiningu á truflandi áhrifum, sbr. 29. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 30. nóvember 2022.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu stjórnsýslu og gæða. USK22120012

11. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgerðaráætlun með aðgengisstefnu 2022-2024, sbr. 13. gr. fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 21. september 2022.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.
USK22090116

12. Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að farið verði í minniháttar aðgerðir til að bæta umferðarmál í á skeifusvæðinu. Skoðað verði meðal annars að: Setja beygjuvasa til að auðvelda akstur inn á stæði Elko/Krónunnar. Bæta gönguleið með fram götunni Skeifunni, frá Grensásvegi að verslun Hagkaupa. Setja upp stæði fyrir örflæðilausnir.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Frestað. USK23010201

13. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að ráðist verði í úrbætur á gangbraut yfir Norðlingabraut til móts við þjónustuver slun Olís, t.d. með betri merkingum, upphækkun, lýsingu, þrengingu og/eða upplýstri snjallgangbraut. Leiðin er fjölfarin, ekki síst af börnum og unglingum, þar sem umrædd verslun er hin eina í Norðlingaholti.

Frestað. USK23010213

14. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Ábendingar hafa borist um óprífnað við grenndarstöð Sorpu við Skógarsel vegna of stopullar losunar pappírsgámsins þar. Umhverfis- og skipulagsráð óskar eftir því við Sorpu að viðeigandi úrbætur verði gerðar. Slíkar úrbætur gætu falist í tíðari tæmingu pappírsgámsins eða að bætt verði við öðru slíkum gámi.

Frestað. USK23010212

15. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Ábendingar hafa borist um að algengt sé að leið 14, Grandi-Verzló, standist ekki tímaáætlun. Óskað er eftir því að Strætó bs. taki málið til meðferðar og geri viðeigandi úrbætur, t.d. með leiðréttingu á tímatöflu leiðarinnar.

Frestað. USK23010214

16. Fulltrúi Vinstri grænna leggur fram svohljóðandi tillögu:

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að setja saman stýrihóp sem gerir tillögur til ráðsins um aðgerðir til að bregðast við loftmengun á gulum og gráum dögum. Skal stýrihópurinn skila tillögum sínum fyrir lok febrúarmánaðar og vera í góðu samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar og skrifstofu umhverfisgæða.

Frestað. USK23010211

Fundi slitið kl. 10:40

Alexandra Briem

Aðalsteinn Haukur Sverrisson
Hildur Björnsdóttir
Líf Magneudóttir

Birkir Ingibjartsson
Kjartan Magnússon
Pawel Bartoszek

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2022, þriðjudaginn 13. desember kl. 10:37 hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1192. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Erna Hrönn Geirsdóttir, Nikulás Úlfar Músson, Edda Þórsdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Vala Ragna Ingólfssdóttir og Vífill Björnsson.

Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

Austurstræti 20 BN061449
Sótt er um leyfi til að reisa milliveggi í rými 01-0106 og innrétta sal í veitingastað í flokki II, tegund f., í húsi á lóð nr. 20 við Austurstræti. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttar erindis BN060689, samþykktir þann 17. maí 2022.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Álftahólar 4-6
BN061616
Sótt er um leyfi til að setja svalaskýli á allar svalir og nýklæða suðurhlíð matshluta nr. 02 og 03, húsa nr. 4 og 6 á lóð nr. 2-8 við Álftahóla. Erindi fylgir bréf breytinga dags. 16. september 2022, afrit umsagnar skipulags vegna fyrirspurnar umsækjanda dags. 6. maí 2022 og afrit skýrslu ráðgjafar vegna viðhaldsskoðunar dags. 2. febrúar 2021.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Lagfæra skráningu.

Birkimelur 1
BN061840
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060871, þ.e. innra skipulagi rýmis og lóðar er breytt og inngangshurð verður rennihurð, matshluti nr. 03, hús á lóð nr. 1 við Birkimel. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti útgefnum aðaluppdrætti erindis BN060871.
Gjald kr. 13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

Bíldshöfði 5A
BN061881
Sótt er um leyfi til að breyta notkun lóðar frá því að vera einungis fyrir bílastæði í því að hluti lóðar sé einnig fyrir AC og DC rafhleðslustöðvar á lóð nr. 5a við Bíldshöfða - L110561. Meðfylgjandi er undirskrift ábúanda/leigutaka dags. 02.12.2022, samkomulag við Veitur ohf. vegna lagningar jarðstrengja ásamt dreifistöðvar dags. 02.12.2022 og áformalýsing hönnuðar dags. 05.12.2022.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Borgartún 29
BN061754
Sótt er um leyfi til að breyta úr kaffisölu, flokki I, tegund e, í veitingastað, flokki II, tegund ? á svæði V5 í mathöll í húsi á lóð nr. 29 við Borgartúni.

Gjald kr. 13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Drápuhlíð 38
BN061499
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057427, þ.e. skipulag lóðar er breytt framan og aftan við bílskúr í matshluta nr. 02 við hús á lóð nr. 38 við Drápuhlíð.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Vísað í athugasemdir.

Fossaleynir 6
BN061837
Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innra skipulagi vörugeymslu, innréttu golfhermasal með afgreiðslu og veitingarsölu með aðkeyptar veitingar, skrifstofur, starfsmannarými og geymslur í atvinnuhúsi á lóð nr. 6 við Fossaleyni.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað í athugasemdir.

Grandagarður 14
BN061877
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054216 vegna lokaúttektar sem varðar brunatæknileg atriði á 1. hæð, veitingastaður í flokki 2, teg. e., í húsi nr. á lóð nr. 14 við Grandagarð.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Vísað í athugasemdir eldvarnareftirlitsins.

Grensásvegur 14
BN061816
Sótt er um leyfi til að innréttu veitingarstað í fl. ?? tegund ?? fyrir ?? gesti í mhl. 01 rými 0102 í húsi á lóð nr. 14 við Grensásveg.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað í athugasemdir.

Haðaland 26
BN061883
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060880 þannig að gerðar eru minni háttar breytingar á lagna- og loftræsistokkum, klæðningum og gluggum, fyrirkomulagi bílastæða breytt og innra skipulagi í tengingangi er breytt í Fossvogsskóla á lóð nr. 26 við Haðaland.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Hellusund 6A
BN060793
Sótt er um leyfi til að breyta notkun úr íbúðarhúsi í skrifstofuhúsnæði, byggja tengingang við norður lóðarmörk ásamt tilheyrandi breytingum á innra skipulagi og útlitsbreytingum því til samræmis, 8-10 starfsmenn í húsi á lóð nr. 6A við Hellusund. Stækkun: 22,2 ferm., 62,23 rúmm.Stærð eftir breytingu: 254,8 ferm., 884,4 rúmm. Erindi fylgir samþykki lóðarhafa vegna breytinga dags. 2. maí 2022, áritað á uppdrátt.Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. júní 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júní 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2022. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 23. júní 2022 fylgir

erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 24. júní 2022. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24.nóvember 2022 fylgir erindi, ásamt bréf skipulagsfulltrúa dags. 25. nóvember 2022. Erindi fylgir leiðrétt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. júní 2022.

Gjald kr. 12.600

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Höfðabakki 7

BN061681

Sótt er um leyfi til að hækka mæni og byggja milliloft í austurhluta, til að innrétta verslunar- og skrifstofurými til útleigu í vesturhluta og lagerhúsnæði með verslun og skrifstofu í austurhluta húss á lóð nr. 7 við Höfðabakka. Stækkun: 1.4701,3 ferm., 5.561,7 rúmm. Eftir stækkun, A rými: 11.768,3 ferm., 65.881,9 rúmm.

Gjald kr. 13.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi

lóða. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Jörfagrund 54-60

BN060851

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059816, þ.e. lækka kóta aðkomuhæðar og aðkomuleiðir innan lóðar um 30 sm í húsum á lóð nr. 54-60 við Jörfagrund. Stærð: Óbreytt.

Gjald kr. 12.600

Frestað.

Lagfæra skráningu.

Karlagata 11

BN061879

Sótt er um leyfi fyrir núverandi fyrirkomulagi í fjölbýlishúsi á lóð nr. 11 við Karlagötu.

Stærð: 173,8 ferm., 530,1 rúmm.

Gjald kr. 13.200

Frestað.

Vísað í athugasemdir.

Langagerði 118

BN061172

17. Sótt er um leyfi til að gera garðskála við 1. hæð, færa aðalinngang til, auk þess sem gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum, þar sem m.a. er búið að breyta innra skipulagi fyrstu hæðar og gerð hurð út í garð á vesturhlið húss á lóð nr. 118 við Langagerði. Erindi fylgir samþykki eigenda Langagerðis 120 og 124, áritað á uppdrátt. Stækkun, glerskáli: 17,5 ferm., 50,7 rúmm. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. ágúst 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 12. ágúst 2022. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 27. október 2022 fylgir erindi, einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 31. október 2022. Erindið var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Langagerði 110, 112, 114, 116 og 120, frá 19. september til og með 17. október 2022. Engar athugasemdir bárust.

Gjald kr. 12.600.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar. Með vísan til samþykktar

borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Langholtsvegur 155
BN061874

Sótt er um leyfi til að breyta notkun matshluta nr. 02, úr bílskúr í vinnustofu, jafnframt er matshluti nr. 02 stækkaður til austurs og hámarkshæð þaks hækkuð á lóð nr. 155 við Langholtsveg. Stærð e.breytingu: 41,0 ferm., 122,8 rúmm. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á smækkuðu afrit útgefins aðaluppdráttar dags. 22. ágúst 2017, óártaður uppdráttur dags. 25. júlí 2017, samþykki eigenda nr. 153 og 157 við Langholtsveg dags. 5. desember 2022 og afrit tölvupósts með yfirskriftina "Lóðabreytingar Langholtvegur 153" með umfjöllunarefni breytinga á garðskála, dags. 26. maí 2021. Fylgir umsögn skipulagsfulltrúa ásamt fyrirspurn lóðarhafa dags. 22. apríl 2022.

Gjald kr.13.200

Frestað.

Vísað í athugasemdir.

Laufásvegur 41 BN061726

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 1. hæðar, þ.e. komið verður fyrir þremur herbergjum til viðbótar í stað matsals og eldhúss gistaðar í flokki II, teg. b. stærra gistiheimili, með breytingum fjölgar gestum og verða 19 gestir í 9 einingum, 8 einingar með tveimur gestum í hverri einingu og 1 eining með þremur gestum, í húsi á lóð nr. 41 við Laufásveg. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti útgefina aðaluppdráttar erindis BN057247.

Gjald kr. 13.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Laugavegur 147A
BN061556

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, m.a. er gerð grein fyrir áður gerðri íbúð í risi fjölbýlishúss á lóð nr. 147A við Laugaveg. Erindi fylgir húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 1. desember 2022.

Gjald kr. 13.200

Frestað.

Vísað í athugasemdir.

Laugavegur 157
BN061878

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt, fjögurra íbúða fjölbýlishús á fjórum hæðum á lóð nr. 157 við Laugaveg.

Stærð, A-rými: 596,2 ferm., 1.926,8 rúmm.

B-rými: 11 ferm.

Samtals: 607,2 ferm.

Gjald kr. 13.200

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Nökkvavogur 42
BN061876

Sótt er um leyfi til þess að breyta glugga í hurð og gera svalir á suðausturhlið íbúðar 0101 með stiga niður í garð tvíbýlishúss á lóð nr. 42 við Nökkvavog.

Erindi fylgir A3 afrit af eldri samþykktum aðaltekningum.

Gjald kr. 13.200

Frestað.

Vísað í athugasemdir.

Óðinsgata 5

BN061684

Sótt er um leyfi til að breyta brunalýsingu og koma fyrir nýjum svölum, 0207, á norðurhlíð húss á lóð nr. 5 við Óðinsgötu. Umsögn Minjastofnunar Íslands dags 31. október 2022 fylgir erindi. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. nóvember 2022 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 21. nóvember 2022.

Gjald kr. 13.200

Frestað.

Lagfæra skráningu.

Rafstöðvarvegur 33-33A

BN061875

Sótt er um leyfi til þess að byggja einnar hæðar viðbyggingu, sólskála, úr timbri við suðausturhlíð íbúðar 0101, hús nr. 33, í tvíbýlishúsi á lóð nr. 33 - 33A við Rafstöðvarveg. Stækkun: 24.4 ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir A3 afrit af aðaltekningum samþykktum 22. ágúst. 2022.

Gjald kr. 13.200

Frestað.

Vísað í athugasemdir.

Síðumúli 15

BN061812

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi norðurenda 2. hæðar og 3. hæðar, á 2. hæð er innréttað fyrir snyrtistofu, í húsi á lóð nr. 15 við Síðumúla. Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 18. nóvember 2022 og yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttar útgefna þann 6. júní 1973.

Gjald kr. 13.200

Frestað.

Vísað í athugasemdir.

Stekkjarsel 7

BN061846

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059015 og fjölga fasteignum í einbýlishúsi á lóð nr. 7 við Stekkjarsel.

Gjald kr. 13.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

Sundlaugavegur 30

BN061882

Sótt er um leyfi til þess að innrétta hárgreiðslustofu í kjallara heilsuræktarstöðvar í húsi nr. 30A, mhl.05, á lóð nr. 30 við Sundlaugarveg. Erindi fylgir yfirlit breytinga á A3 afriti af aðaltekningum stimpluðum 22. maí 2007 og 15. nóvember 2014.

Gjald kr. 13.200

Frestað.

Vísað í athugasemdir.

Úlfarsfell

BN061864

Sótt er um leyfi fyrir 30m² kaldri útigeymslu sem verður án vatns eða rafmagns á suðausturhorni á landi Hvamms í Úlfarsfelli - L191856.

Umsögn skipulagsfulltrúa dag. 28.11.2011 fylgir.

Gjald kr. 13.200

Frestað.

Vísað í athugasemdir.

Vesturgata 64

BN061373

Sótt er um leyfi til að stækka bílakjallara, mhl. 08 og byggja þrjú steinsteypt fjölbýlishús, þriggja og fimm hæða með 58 íbúðum, einangruð og klædd að utan á lóð nr. 64 við Vesturgötu. {Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist frá Mannvit dags. 12. ágúst 2022 og samantekt á brunavörnum frá Mannvit dags. 1. júlí 2022. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 27. október 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 27. október 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 28. október 2022. Stærð, mhl. 04: 2.456,4 ferm., 6.753,1 rúmm.Mhl. 05: 2.644,2 ferm., 7.161,7 rúmm.Mhl. 06: 1.840,1 ferm., 6.137,1 rúmm.Mhl. 08, stækkun bílageymslu: xx
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað í athugasemdir.

Ýmis mál

Lóðin Eirhöfði

USK22122879

Óskað er eftir samþykki byggingarfulltrúans til að bæta lóðaskikum Eldshöfða 6A og Steinhöfða 6A við lóðina Eirhöfða 7 í samræmi við meðfylgjandi uppdrátt sem er dagsettur 09.12.2022.

Lóðin Eirhöfði 7 (staðgreininr. 4.034.202, landeignarnr. 233296) er 3724 m².

Bætt 29,5 m² við lóðina sem lóðaskikanum Eldshöfði 6A (staðgreininr. 4.034.202, landeignarnr. 233296).

Bætt 29,5 m² við lóðina sem lóðaskikanum Steinhöfða 6A (staðgreininr. 4.034.202, landeignarnr. 233296).

Lóðin Eirhöfði 7 (staðgreininr. 4.034.202, landeignarnr. 233296) verður 3783 m².

Sjá deiliskipulag sem var samþykkt í skipulags- og samgönguráði þann 08.12.2021, samþykkt í borgarráði þann 21.12.2021 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 15.03.2022.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Landið Presthús

USK22122880

Óskað er eftir samþykki byggingarfulltrúans fyrir hnitsetningu landsins Presthúss á Kjalarnesi í samræmi við meðfylgjandi uppdrátt sem er dagsettur 08.12.2022.

Landið Presthús (staðgr. 32.368.101, L125743) er skráð 0.

Innan lóðarinnar Presthús (staðgr. 32.368.101, L125743) er lóðin Presthús (L125860) sem er skráð 160 m².

Landupplýsingadeild hefur ekki fundið uppdrátt með afmörkun Presthúss (L125860).

Þessi lóð sameinast landinu Presthús (staðgr. 32.368.101, L125743).

Landið Presthús (staðgr. 32.368.101, L125743) reynist 278983 m² við hnitsetningu.

Lóðin Presthúss (L125860). er nú í eigu sömu eiganda og í dag eiga Presthús (staðgr. 32.368.101, L125743).

Lagt fram bréf Ernu Hrannar Geirsdóttur lögfræðings, fyrir hönd Reykjavíkurborgar dags. 21.11.2022, til Lex lögmannsstofu um að ekki séu gerðar skipulagslegar athugasemdir við það að jörðin Presthús verði skráð sem lögbýli.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

**Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið kl.14:21**

Nikulás Úlfar Másson
Erna Hrönn Geirsdóttir
Edda Þórsdóttir
Sigrún Reynisdóttir
Vala Ragna Ingólfssdóttir
Vífill Björnsson
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2023, þriðjudaginn 10. janúar kl. 10:20 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1193. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Nikulás Úlfar Másson, Harri Ormarsson, Edda Þórsdóttir, Harpa Dögg Kristinsdóttir, Kristín B. I Sverrisdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Sigrún Reynisdóttir, Vala Ragna Ingólfssdóttir og Vífill Björnsson
Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Álfabakki 12 - USK22122991 Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innra skipulagi og innréttu dansskóla fyrir alls 180 nemendur í rými 0301 í atvinnu-og skrifstofuhúsi nr. 12, mhl.01, á lóðinni Álfabakki 12-16/Þönglabakki. Gjald kr. 13.200. USK22122991
Frestað. Vísað til athugasemda.
2. Álfheimar 74 - BN061700 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 2. hæðar í matshluta nr. 01, þ.e. frjósemissstofa sem fyrir er á hæðinni stækkar til norðvesturs, í húsi á lóð nr. 74 við Álfheima. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á aðaluppdrætti erindis BN051897.
Erindi fylgir skýrsla húsaskoðunar dags. 18. nóvember 2022. Gjald kr.13.200. BN061700
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
3. Ármúli 28 - USK22122985 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þar sem innréttað hefur verið kennslurými, tímabundið vegna viðgerða á húsnæði Hagaskóla, aðallega er um að ræða uppfærslu á brunavörnum á 2. og 3. hæð verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 28 við Ármúla. Gjald kr. 13.200. USK22122985
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
4. Ármúli 30 - USK22122986 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem eru að innréttað hefur verið kennslurými, tímabundið vegna viðgerða á húsnæði Hagaskóla, aðallega er um að ræða uppfærslu á brunavörnum á 1., 2. og 3. hæð verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 30 við Ármúla. Gjald kr. 13.200. USK22122986
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
Barónsstígur 47 - BN061475 Sótt er um leyfi til að innréttu gististað í flokki II, teg. d, gistiskáli, 14 herbergi fyrir 32 gesti á 4. hæð sem verður viðbót við gistiskála sem fyrir er á 1. og 2. hæð og verða þannig 172 gestir í 50 herbergjum í gistiskála, húsi á lóð nr. 47 við Barónsstíg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 12.600. BN061475
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
5. Barónsstígu 47 – BN061475 Sótt er um leyfi til að innréttu gististað í flokki II, teg. d, gistiskála, 14 herbergi fyrir 32 gesti á 4. hæð sem verður viðbót við gistiskála sem fyrir er á 1. og 2. hæð og verða þannig 172 gestir í 50 herbergjum í gistiskála, húsi á lóð nr. 47 við Barónsstíg. Erindi fylgir yfirlit breytinga. Gjald kr. 12.600
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

6. Blönduhlíð 9 - BN061696 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og eignarhaldi í kjallara, þ.e. geymsla sem tilheyrði sameign færð í séreign eignar í kjallara í húsi á lóð nr. 9 við Blönduhlíð. Gjald kr.13.200. BN061696
Frestað. Vísað til athugasemda.
7. Borgartún 41 - BN061778 Sótt er um leyfi til að byggja 3 til 6 hæða steinsteypt fjölbýlishús með 115 íbúðum í sjö stigahúsum, einangruð og klædd að utan á bílakjallara sem er sameiginlegur með aðliggjandi lóðum á lóð nr. 41 við Borgartún. Erindi fylgir greinargerð um einangrun, greinargerð um aðgengi og greinargerð um öryggismál, greinargerð um hljóðvist frá Myrra dags.10. nóvember 2022 og brunahönnun frá Örugg, dags. 17. nóvember 2022. Stærð, A-rými: 12.195,9 ferm., 39.729,9 rúmm. A-rými, svalir: 112,7 ferm. B-rými: 3.116,7 ferm. Samtals 15.692,3 ferm., 41.121,5 rúmm. Gjald kr. 13.200. BN061778
Frestað. Vísað til athugasemda.
8. Brekknaás 6A - BN061708 Sótt er um leyfi til að setja niður djúpgámasett, þ.e. fimm djúpgámar, fjóra 5,0 rúmm. og einn 3,0 rúmm., settið mun tilheyra íbúum Selásbrautar nr. 130 og 132 og Brekknaás nr. 2, 4, 6 og 8, á lóð nr. 6A við Brekknaás. Stærð: 22,1 ferm., 71,9 rúmm. Gjald kr.13.200. BN061708
Frestað. Vísað til athugasemda.
9. Bæjarháls 1 - BN061871 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi kjallara, hæða -1 og -2, snyrting á hæð -1 fjarlægð og á hæð -2 er komið fyrir stoðrymum í matshluta nr. 09, húsi á lóð nr. 1 við Bæjarháls. Erindi fylgir yfirlit breytinga, unnið á teikn. BN042003 og BN049419. BN061871
Frestað. Vísað til athugasemda.
10. Bústaðavegur 20 - BN061493 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, veitingastaðar í flokki I, tegund c, veitingastofa í húsi á lóð nr. 20 við Bústaðaveg. Erindi fylgir bréf hönnuðar, samantekt breytinga dags. 14. september 2022. Gjald kr.13.200. BN061493
Frestað. Vísað í athugasemdir heilbrigðiseftirlitsins.
